

FRÁSÖGN

af fundi þingmannanefndar og ráðherra EFTA í Vaduz 27. júní 2023.

Hefðbundinn sumarfundur þingmannanefndar, ráðgjafanefndar og ráðherra EFTA fór fram í Vaduz í Liechtenstein auk þess sem þingmannanefndin hélt fund með ráðgjafanefnd EFTA og eiginlegan nefndarfund. Af hálfu Íslandsdeildar sóttu fundina Ingibjörg Ísaksen, formaður, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, varaformaður, Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir, Diljá Mist Einarsdóttir og Gísli Rafn Ólafsson, auk Gunnþóru Elínar Erlingsdóttur, ritara.

Á fundi ráðherra EFTA með þingmannanefnd og ráðgjafanefnd samtakanna fjallaði fyrsti dagskrárliðurinn um græna tækni og styrkjakerfi á heimsvísu. Rætt var um tengsl loftslagsbreytinga og viðskipta. Hæst báru umræður um umfangsmikinn löggjafarpakka Bandaríkjanna (e. Inflation Reduction Act) sem hefur það að markmiði að draga úr verðbólgu. Græn orkuskipti og stuðningur við grænan iðnað eru þó undirliggjandi meginmarkmið löggjafarinnar. Samhljómur var um að mikilvægt væri að finna lausn sem tryggja myndi samkeppnishæfni Evrópu. Þá væri nauðsynlegt að þær lausnir sem Evrópusambandið og Bandaríkin kæmu til með að semja um myndu jafnframt taka til EFTA-ríkjanna innan EES.

Í Schaan var sérstök athöfn þar sem fríverslunarsamningur EFTA-ríkjanna við Moldóvu var undirritaður. Viðræður við samninginn hófust vorið 2021 og er þetta í fyrsta skipti sem fríverslunarsamningur EFTA-ríkjanna inniheldur sérstakan kafla um rafræn viðskipti.

Næst var fjallað um stöðu mála í Úkraínu. Á fundinum í Schaan var sérstök athöfn til að marka upphaf fríverslunarviðræðna við Úkraínu um endurbættan og nútímalegri fríverslunarsamning. Samhljómur var um að um mikilvægt skref væri að ræða. EFTA-ríkin hefðu sýnt Úkraínu stuðning í verki, m.a. með því að kalla eftir að Rússland léti af árásum á Úkraínu og með þátttöku í þvingunaraðgerðum Evrópusambandsins gegn Rússlandi. Þá hefðu EFTA-ríkin fordæmt aðkomu Hvíta-Rússlands að stríðinu. Þorgerður Katrín kallaði eftir því að ráðherrar EFTA-ríkjanna myndu sammælast um að fella niður tolla á landbúnaðarvörur frá Úkraínu. Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, utanríkisráðherra, sagði mikilvægt að samningaviðræður um fríverslunarsamninginn yrðu skjótar og skilvirkar. Úkraínumenn væru að berjast fyrir frelsi Evrópu.

Þá var farið yfir stöðu fríverslunarviðræðna EFTA við Indland. Fram kom að heimsókn þingmannanefndar EFTA til Indlands í apríl sl. hefði verið farsæl og stutt við fríverslunarviðræðurnar. Hápunktur heimsóknarinnar hefði verið fundur með Piyush Goyal, efnahags- og iðnaðarráðherra Indlands. Fram kom að fyrsti ráðherrafundur Indlands og EFTA-ríkjanna hefði átt sér stað 26. apríl sl. Þeim fundi hefði verið fylgt eftir með öðrum ráðherrafundi 14. maí sl. Þá væri næsta samningalota áætluð í byrjun júlí. Viðræðurnar væru þó óformlegar þar sem Goyal hefði enn ekki tilkynnt um formlega endurupptöku samningaviðræðna. Þó væri ljóst að Indland væri áhugasamt og glugginn til viðræðna væri opin fram á haust þegar kosningabaráttu fyrir þingkosningarnar 2024 hefst.

Næst var farið yfir stöðu fríverslunarviðræðna EFTA. Fyrst var rætt um Mercosur sem er tollabandalag fjögurra Suður-Ameríkuríkja, Argentínu, Brasilíu, Paragvæ og Úrúgvæ. Fram kom að staðan á alþjóðavettvangi hefði breyst verulega frá því síðustu samningaviðræðum lauk árið 2019. Síðan þá hefðu forsetakosningar farið fram í Brasilíu og kosningar væru fram undan í Argentínu. Samhljómur var um að mikilvægt væri fyrir EFTA-ríkin að fylgjast náið með þróun mála í álfunni og vera tilbúin að stökkva til ef hentug tækifæri sköpuðust til frekari viðræðna. Fram kom að nokkurrar bjartsýni gætti um gang fríverslunarviðræðna við Síle og stefnt væri á lokasamningalotu í nóvember nk. Samningaviðræður við Víetnam hefðu aftur á móti gengið hægt undanfarin ár en greina mætti nýjan og jákvæðari tón sem skapaði væntingar

um skilvirkara framhald viðræðna. Þá hefðu viðræður við Mexíkó hafist að nýju í febrúar 2022 með það að markmiði að nútímavæða fríverslunarsamninginn frá 2001. Nýleg ráðherraskipti í Mexíkó hefðu þó falið í sér miklar breytingar á skipulagi efnahagsráðuneytisins svo óvissu gætti um framhald viðræðna. Loks kom fram að engar samningaviðræður væru í gangi við Nýja-Sjáland og Ástralíu og litlar væntingar um að sú staða kæmi til með að breytast á næstunni.

Að síðustu var stuttlega rætt um þau ríki sem EFTA-ríkin hafa flokkað sem líklega viðsemjendur á næstu misserum, Singapúr, Malasíu og Samband ríkja í Suðaustur-Asíu (ASEAN). Sérstaklega var áréttað að töluverður framgangur væri í viðræðum milli EFTA-ríkjanna og Singapúr um samning um stafrænt hagkerfi og að vonir stæðu til að hægt væri að ljúka þeim viðræðum á næstunni.